



Vinir lesa saman

Foreldrar & orðaforðanám

Hlutverk foreldra í orðaforðanám barna sinna er gríðarstórt.

Rannsóknir sýna að börn sem lesið er fyrir reglulega eru líklegri til að verða góð í lestri og börn með góðan orðaforða hafa að jafnaði betri lesskilning þegar reyna fer á hann síðar á skólagöngunni.

Við hvetjum foreldra til að fylgjast vel með þeim orðum sem lögð eru inn í Orðaspjallinu í leikskólanum og nota heima fyrir.

Fyrir fróðleiksfúsa

Bókin Orðaspjall

Fjallar um Orðaspjallsaðferðina sem er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Adferðin var þróuð í leikskólanum Tjarnarseli í samvinnu við Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Höfundur bókarinnar er Árdís Hrönn Jónsdóttir leikskólastjóri og útgefandi er leikskólinn Tjarnarsel.

Nánari upplýsingar:

Leikskólinn Tjarnarsel
Tjarnargötu 19, 230 Reykjanesbæ
S: 420 3100
Heimasíða: tjarnarsel.is
Netfang: tjarnarsel@tjarnarsel.is



TJARNARSEL



ORÐASPJALL

Leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna



Hvað er Orðaspjall?

Í Tjarnarseli er unnið með aðferðina Orðaspjall sem er leið til að efla orðaforða, hlustunarskilning og máltjáningu barna.

Fjölmargar rannsóknir sýna að orðaforðinn er undirstaða lesskilnings og að hann tengist beint eða óbeint bókstaflega öllu sem varðar læsi á öllum aldri. Einnig hefur verið sýnt fram á í fjölda rannsókna að orðaforði barna á leikskólaárunum spáir fyrir um lesskilning og námsárangur þeirra langt fram í tímann. Þess vegna er rík áhersla lögð á að efla orðaforða barnanna í Tjarnarseli.

Aðferðin hefur verið þróuð í Tjarnarseli frá árinu 2009 og skipar stóran sess í öllu mál og læsisstarfi leikskólans.

Barnabækur eru aðalkveikjan að því að vinna og leika með orð samkvæmt Orðaspjallsaðferðinni og fléttast hún inn í allt starfið með einum eða öðrum hætti. Tækifærin eru allt um kring og möguleikar til að læra ný og spennandi orð eru óþrjótandi. Orðin leynast allstaðar: í vettvangsferðum, listsköpun, hlutverkaleik og í samræðum við börnin um allt milli himins og jarðar

Aðferðin

Leikskólabörn læra í gegnum leik og því er mikil áhersla lögð á orðaleiki og leikræna tjáningu í Orðaspjallinu. Kennarinn velur bók til að lesa með börnunum og orð úr henni til að kenna, ræða um og leika með. Hann staldrar við orðið þegar að því kemur í sögunni og útskýrir merkingu þess. Að lestri loknum er rætt frekar um orðið og börnin hvött til að segja orðið, klappa atkvæðin í orðinu, leika með orðið eða hvað eina sem frjóum kennurum og börnum dettur í hug að gera.



Inn á hverri deild í leikskólanum er hvalastelpan Bára. Hún safnar saman orðunum sem við höfum lært í Orðaspjallinu og rituð eru á svokölluð orðasíli. Á Báru geta bæði kennarar og foreldrar séð hvaða orð er verið að leggja áherslu á hverju sinni.



3 ára lestrarhestar í vettvangsferð

Orðaspjallsorð

Í Tjarnarseli er byrjað að kenna Orðaspjall á yngstu deildinni, Mánavöllum. Þar er leikið með orð er mynda grunnorðaforða barnanna. Smám saman þyngjast svo orðin eftir því sem börnin eldast. Þá fer kennarinn að velja orð úr millilagi orðaforðans.

Orðaforðinn skiptist í þrjú lög; grunnorðaforða, **millilag** orðaforðans og efsta lag orðaforðans.

Í millilagi orðaforðans eru **góð og gagnleg orð** sem við erum líkleg til að rekast á í rituðu mál, en eru ekki eins algeng í talmáli. Dæmi um orð í millilagi eru t.d. glaðvær og vansæll.